

Rétt endurrit staðfestir

*Tolli fyrir Töllana
úthafi Kjaradóms*

Arið 1982, mánudaginn 13. desember, var Kjaradómur settur að Rauðarárstig 25 í Reykjavík og haldinn af Benedikt Blöndal, Jóni Finnssyni, Ólafi Nilssyni, Jóni Rögnvaldssyni og Jóni G. Tómassyni.

Fyrir var tekið:

I. Að taka ákvörðun um laun forseta Íslands.

Hinn 1. október 1982 skulu laun forseta Íslands hækka um 6,3% og hinn 1. janúar 1983 um 2,1%.

Laun þessi taka sömu verðbótum og laun opinberra starfsmanna.

II. Að taka ákvörðun um laun dómara í Hæstarétti Íslands, ríkisstjórnar Íslands, Biskups Íslands, ráðuneytisstjóra, ríkissáttasemjara og ríkissaksóknara.

Hinn 1. október 1982 skulu laun ofangreindra aðila hækka um 6,3% og hinn 1. janúar 1983 um 2,1%.

Laun þessi taka sömu verðbótum og laun opinberra starfsmanna.

III. Að endurskoða ákvörðun um þingfararkaup og kostnað alþingismanna.

1. Hinn 1. október 1982 skal þingfararkaup hækka um 6,3% og hinn 1. janúar 1983 um 2,1%.

Laun þessi taka sömu verðbótum og laun opinberra starfsmanna.

2. Húsnaðiskostnaður verði 4.000 krónur á mánuði frá 1. desember 1982.

3. Dvalarkostnaður um þingtímann verði 130 krónur á dag frá 1. desember 1982.

4. Dvalarkostnaður á kjördæmi verði 23.700 krónur frá 1. desember 1982 miðað við ársgreiðslu.

5. Kostnaður við ferðalög í kjördæmi verði frá 1. desember 1982 á mánuði:

Í Reykjavíkurkjördæmi	1765	krónur
Í Reykjaneskjördæmi	3165	-
Í öðrum kjördæmum	5215	-

Fleira ekki gert.

Kjaradómi slitið.

Benedikt Blöndal
(Sign.)

Jón Finnson
(Sign.)

Jón G. Tómasson
(Sign.)

Ólafur Nilsson
(Sign.)

Jón Rögnvaldsson
(Sign.)